

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. maí 1994

um nákvæmar reglur um beitingu tilskipunar ráðsins 90/425/EBE að því er varðar sýnatöku vegna dýraheilbrigðisskoðunar á viðtökustað

(94/338/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Lögbært yfirvald á viðtökustað, sem lætur taka sýni úr dýrum í viðskiptum innan bandalagsins, skal fara eftir reglum sem eru settar í 2. og 3. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 5. gr.,*2. gr.**og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Lögbæru yfirvaldi aðildarríkis er heimilt á viðtökustað dýra eða afurða að framkvæma mismununarlausri skyndikönnun í tengslum við dýraheilbrigðiseftirlit til að ganga úr skugga um að kröfum 3. gr. tilskipunar 90/425/EBE hafi verið fullnægt. Enn fremur er því samtímis heimilt að framkvæma sýnatöku í samræmi við a-lið 1. mgr. 5. gr. umræddrar tilskipunar.

1. Sýni sem eru liður í mismununarlausri skyndikönnun í tengslum við dýraheilbrigðiseftirlit skulu tekin eins skjótt og auðið er og eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að komið er með dýrin á viðtökustaðinn sem er tilgreindur á vottorðinu eða skjalinu sem um getur í d-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 90/425/EBE.

2. Tveggja virkra daga fresturinn gildir ekki um eftirlit lögbærra yfirvalda á grundvelli upplýsinga sem gefa ástæðu til að ætla að um brot sé að ræða.

Til að tryggja að eftirlit á viðtökustað fari fram á skilvirkan hátt og koma í veg fyrir að síðar komi upp vandamál í viðskiptum innan bandalagsins ber að setja nákvæmar reglur um sýnatöku samtímis því að hagsmunir hlutaðeigandi aðila eru tryggðir.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. og svo framarlega sem viðtakandinn er milliliður sem sendir dýrin áfram, samanber iii-lið b-liðar 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 90/425/EBE, gildir nýr frestur sem er tveir virkir dagar frá því að komið er með dýrin á lokaviðtökustað í aðildarríkinu.

3. gr.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

1. Taka skal tvö sýni eða eitt sýni sem er nægilega stórt til að unnt sé að skipta því í að minnsta kosti tvo jafnstóra sýnahluta til greiningar.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49.

2. Fyrsta sýnið eða sýnahlutann skal greina á rannsóknarstofu sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt að því er viðkomandi sjúkdóm varðar.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. maí 1994.

3. Annað sýnið, sýnahlutann eða, eftir atvikum, sýnahlutana skal merkja greinilega og geyma við rétt skilyrði í einn mánuð hið minnsta undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.